

Christina Finke er fararstjóri í gönguverkefninu Fleiri fjöll haustið 2020



Christina, eða Tina eins og hún er alltaf kölluð, er fædd og uppalin rétt hjá Hamborg í Þýskalandi en hefur búið á Íslandi í meira en 18 ár.

Þegar hún kom til Íslands í fyrsta skiptið sem ferðamaður heillaðist hún það mikið af landinu að ekkert annað kom til greina en að flytja hingað. Hún hefur búið á Húsavík, í Hafnarfirði og frá 2008 átt heima í Eyjafirðinum. Heimþrá til Þýskalands hefur hún aldrei fengið.

Christina er mikill náttúru- og dýravinur og fær ekki nóg af útiveru, ganga á fjöll og gista í tjaldi í óbyggðum.

Síðan hún kynntist Einari Bjarka þá er lítið um heimaveru, því saman eru þau úti að ganga, hjóla eða hlaupa helst alla daga, allan ársins hring.

Christina hefur lengst af starfað sem sjúkráþjálfari. Hún er einnig faglærður leiðsögumaður og hefur sýnt mörgum erlendum ferðamönnum fallega landið okkar.